



Nefndarálit forsætisnefndar um

þingmannatillögu um skrifstofu í Brussel fyrir Norðurlandaráð

Tillaga

Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu um skrifstofu í Brussel fyrir Norðurlandaráð

Aðdragandi

Flokkahópur miðjumanna lagði upphaflega til sameiginlega skrifstofu Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Flokkahópur miðjumanna var tilbúinn til, að loknu umsagnarferli um tillöguna, að einbeita sér að auknum aðgerðum af hálfu Norðurlandaráðs eins og lýst er hér fyrir neðan.

Flokkahópur miðjumanna rökstuddi upphaflegu tillöguna á þennan hátt:

Fyrsta markmiðið með umbótum í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni er að gera norrænt samstarf pólitískara. Flokkahópur miðjumanna telur að pólitískara norrænt samstarf krefjist nærveru þar sem valdið liggur og ákvarðanir eru teknar. Þess vegna verður að gera tengsl Norðurlandaráðs við Evrópuþingið skilmerkilegri og auðveldari með beinum aðgerðum.

Norræn nærvera í Evrópuþinginu og tengsl við norræna ESB-þingmenn er í hæsta máta viðeigandi. Flokkahópur miðjumanna leggur því til að Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin í sameiningu setji á fót skrifstofu og einn erindreka í Brussel til þess að veita norrænu samstarfi aukið pólitískt afl og vægi.

Á liðnum árum hafa viðbrögðin verið gríðarlega jákvæð meðal norrænu ESB-þingmannanna þegar fulltrúar Norðurlandaráðs hafa heimsótt Evrópuþingið til þess að ræða t.d. málefni Eystrasaltsins, sýklalyfjaónæmi, sjávarútvegsból og landbúnað. Skrifstofa í Brussel fyrir Norðurlandaráð gæti líka veitt norrænu ESB-þingmönnum eðlilegan fundarstað almennt séð.

Verkefni erindrekans væri að skipuleggja norræna fundi norrænu ESB-þingmannanna og starfsfólks þeirra, sem og fundi um ákveðin málefni og viðburði milli Evrópuþingmannanna og þingmanna Norðurlandaráðs og fulltrúa Norrænu ráðherranefndarinnar. Erindrekinn ætti einnig að hafa það hlutverk að miðla upplýsingum til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar, með skýrslum eða tölvupósti, um hvernig málefnum tengdum Norðurlöndunum miðar fram í Brussel. Erindrekinn ætti að miðla upplýsingum til skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og í ákveðnum málum til hlutaðeigandi þingmanna frá ólíkum löndum á reglubundinn hátt til þess að tryggja að upplýsingarnar komi að sem bestu gagni. Erindrekinn ætti einnig að hafa það hlutverk að vera í fararbroddi við kynningu á Norðurlandaráði innan ESB og koma á víðtæku tengslaneti í Brussel. Skrifstofan gæti verið í eigin rými eða í húsnæði annarra samtaka, allt eftir kostum til samskipta og hagkvæmni.

Norðurlandaráð

A 1667/presidiet

Afgreiðsla:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 15-00234-11

Samningaviðræður á árinu hafa leitt í ljós að það virðist ekki vera raunhæft að fá Norrænu ráðherranefndina til að taka þátt í að koma á fót sameiginlegri ESB-skrifstofu í Brussel. Norðurlandaráð hefur hins vegar ákvörðunarvald yfir eigin fjárhagsáætlun, þar sem hagnaður gerir það kleift að stefna að erindreka. Uppfærða tillagan varð því, að skrifstofa Norðurlandaráðs tilnefndi embættismann sem væri ábyrgur fyrir ESB-málum, sem tæki þátt í tengslanetum með útsendum þingmönnum norrænu þjóðþinganna. Sem tengiliður mun þessi starfsmaður vera ýmist í Brussel eða Strassborg – og að hluta til vera í sambandi við skrifstofu Norðurlandaráðs og taka þátt í fundum Norðurlandaráðs. Lagt var til að átakið hefði forgang á þriggja ára tímabili með því að nota fjármagn af hagnaði Norðurlandaráðs. Fyrsta árið gæti verið reynslutímabil, þannig að forsætisnefnd gæti í september 2017 lagt mat á hvort átakið ætti að halda áfram 2018 og 2019. Næstu kosningar til Evrópuþingsins verða haldnar í maí 2019.

Afgreiðsla

Tillagan var lögð fram á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í október 2015. Í kjölfarið hefur hún verið rædd á mörgum fundum forsætisnefndar á árinu 2016.

Vinnuhópur hélt fund í mars 2016. Skýrslugjafi forsætisnefndar í málefnum ESB, Morten Løkkegaard, var einmitt í sömu viku aftur orðinn þingmaður á Evrópuþinginu vegna breytinga á ríkisstjórn í Danmörku, þannig að hann gat ekki stjórnað fundinum eins og ráðgert hafði verið. Á fundi vinnuhópsins sagði fulltrúi frá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar frá myndun þverfaglegs ESB-teymis á skrifstofunni. Tilgangur ESB-teymisins er að skoða möguleikana á aukinni norrænni samræmingu, sem geti gefið aukinn sýnileika og áhrif í ESB. Formennskuáætlun Finna í Norrænu ráðherranefndinni leggur áherslu á að auka áhrif Norðurlanda innan ESB. En það er ekki stuðningur við að koma á fót sameiginlegri skrifstofu í Brussel. Ríkisstjórnir Norðurlandanna styðja ekki opnun nýrrar skrifstofu í Brussel, en vilja leggja traust sitt á tengsl í gegnum norrænu sendiskrifstofurnar.

Nýr skýrslugjafi forsætisnefndar í málefnum ESB, Eva Kjer Hansen, lagði á sumarfundinum áherslu á að fyrsti liður í umræðum um norrænt átak gagnvart Evrópuþinginu væri að varpa ljósi á hvort til væru samnorræn málefni, þar sem gagnlegt væri að Norðurlandaráð mótaði stefnu gagnvart Evrópuþinginu – einkum fyrir tilstilli norrænu þingmannanna. Hugsanleg samnorræn málefni voru rædd á fjölsóttum upplýsingafundi í danska þjóðþinginu, Folketinget, í Kaupmannahöfn 5. september 2016. Upphafserindi héldu Morten Løkkegaard, þingmaður á Evrópuþinginu og fyrrum skýrslugjafi forsætisnefndar í málefnum ESB, Nikolaj Bock, ráðgjafi um samstarf norðurslóða hjá Umhverfisstofnun Evrópu ásamt Anne-Mari Virolainen, formanni stóru nefndarinnar (Stora utskottet) í finnska þinginu.

Þar komu fram nokkrar tillögur að samnorrænum málefnum sem vörðuðu hagsmunum með tilliti til ESB; vinnumarkaðsmál, umhverfismál, orkumál og stafrænan innri markað.

Norðurlandaráð

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Eva Kjer Hansen frá flokkahópi miðjumanna kynnti tillöguna á fundi forsætisnefndar í Stokkhólmi 27. september. Málefni ESB taka mikið pláss og Norðurlandaráð getur ákveðið dagskrá. Það mun efla átakið ef Norðurlandaráð sendi til reynslu einn erindreka til Evrópuþingsins, en fjögur norrænu þjóðþinganna eiga sína fulltrúa þar.

A 1667/presidiet

Afgreiðsla:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 15-00234-11

Tillagan hlaut ekki stuðning frá hinum flokkahópunum, sem voru ekki sammála því að einn erindreki fæli í sér mikinn virðisauka. Sumir lýstu yfir samstöðu um að Norðurlöndin stæðu andspænis stórum áskorunum með ESB á breytingatímum m.a. vegna Brexit, en þeir vildu í staðinn nota núverandi leiðir eins og svipaða flokkahópa á Evrópuþinginu eða Evrópunefnd norrænu þjóðþinganna. Nei meirihlutans við erindreka er því ekki nei við því að Norðurlandaráð geti tekið virkan þátt í samnorrænum málefnum með tilliti til Evrópuþingsins, heldur nei við því að efla átakið með því að ráða embættismann með sérstakri ábyrgð á þessum tengslum.

Stokkhólmi, 27. september 2016

Erkki Tuomioja (sd)

Mikkel Dencker (DF)

Hans Wallmark (M)

Phia Andersson (S)

Helgi Hjörvar (A)

Sonja Mandt (A)

Henrik Dam Kristensen (S)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Michael Tetzschner (H)

Wille Rydman (saml)

Fyrirvari

Við gerum fyrirvara við ákvörðun forsætisnefndar um að aðhafast ekki frekar vegna tillögunnar A 1667/presidiet um skrifstofu í Brussel fyrir Norðurlandaráð.

Við vísum til þess að til er frátekið fjármagn í þessum tilgangi á fjárhagsáætlun Norðurlandaráðs fyrir árið 2017. Á fundi forsætisnefndar 27. september kom fram bæði stuðningur og andstaða. Þó var niðurstaða forseta að ekki væri meirihluti meðal fulltrúa forsætisnefndar um jákvæða ákvörðun.

Á grundvelli afgreiðslu málsins á fundi forsætisnefndar og vegna skiptra skoðana innan flokkahópanna teljum við að taka eigi málið fyrir á þingfundi Norðurlandaráðs, þar sem allir þingmenn Norðurlandaráðs geta tjáð sig. Það er mikilvægt að einkum þeir sem sæti eiga í ólíkum fagnefndum Norðurlandaráðs – og sem þar með hafa mest gagn af norrænum tengslum í Brussel – eigi tók á að koma með tillögur og sjónarmið áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að Norðurlandaráð ráði einstakling, með aðsetur í Brussel, sem beri sérstaka ábyrgð á tengslum og samræmingu við norrænu þingmennina á Evrópuþinginu og aðra norræna og viðeigandi aðila fyrir Norðurlöndin í Brussel 2017 (-2019)

Stokkhólmi, 27. september 2016

Britt Lundberg (ÅC)

Penilla Gunther (KD)

Eva Kjer Hansen (V)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Höskuldur Þórhallsson (F)